

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 664/2011

2012/EES/24/19

frá 11. júlí 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs í því skyni að bæta tilteknum blöndum úrgangs við í III. viðauka A við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ⁽¹⁾, einkum c-lið 1. mgr. 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Finnland lagði fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að blöndum úrgangs, sem flokkast undir færslur B3040 og B3080 í Basel-samningnum, yrði bætt á skrá í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.
- 2) Breska konungsríkið lagði fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að blöndum úrgangs, sem flokkast undir færslur B3020 í Basel-samningnum, yrði bætt á skrá í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.
- 3) Framkvæmdastjórnin fékk athugasemdir frá Belgíu, Tékklandi, Danmörku, Þýskalandi, Ítalíu, Lúxemborg, Hollandi, Austurríki, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóveníu, Finnlandi og Svíþjóð að því er varðar ásættanleika þess að blanda úrgang, sem fellur undir mismunandi liði eða undirliði B1010, B2010, B2030, B3010, B3020, B3030, B3040 og B3050 í Basel-samningnum, í því skyni að bæta honum á skrá í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Að teknu tilliti til þessara athugasemda tók framkvæmdastjórnin saman lista yfir blöndur úrgangs, sem flokkast undir eina færslu í Basel-samningnum, til að bæta á skrá í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.
- 4) Framkvæmdastjórnin lagði mat á beiðnir Finnlands og Breska konungsríkisins og athugasemdir aðildarríkjanna og á grundvelli þess mats var tekinn saman listi yfir

blöndur úrgangs, sem flokkast undir eina færslu í Basel-samningnum, til að bæta á skrá í III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

- 5) Mikilvægt er að skýra hvaða málsmeðferðarreglur gilda um flutning á blöndum úrgangs sem flokkast undir eina færslu í Basel-samningnum. Til þess að koma megi við útflutningi á nokkrum þessara blandna úrgangs til landa sem ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)/107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar (ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar) gildir ekki um, með því að nota almennu kröfurnar um upplýsingar sem mælt er fyrir um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, er nauðsynlegt að þessi lönd fái umbreytingartímabil áður en þau geta upplýst framkvæmdastjórnina um það hvort heimilt sé að flytja viðkomandi blöndur úrgangs til landsins sem um er að ræða og um viðeigandi málsmeðferð við eftirlit, ef við á.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.
- 7) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB².

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ef um er að ræða útflutning til landa sem ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar gildir ekki um gildir þó 3. liður III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006, einsog henni er breytt með þessari reglugerð, frá og með 1. ágúst 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 182, 12.7.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 11. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Eftirfarandi blöndur úrgangs falla undir þennan viðauka:

- a) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslur B1010 og B1050 í Basel-samningnum,
- b) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslur B1010 og B1070 í Basel-samningnum,
- c) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslur B3040 og B3080 í Basel-samningnum,
- d) blöndur úrgangs sem flokkast undir OECD-færslu GB040 og undir færslu B1100 í Basel-samningnum, en þær einskorðast við harðsinksúrgang, sindur sem inniheldur sink og álskúm, þó ekki saltgjall eða úrgang úr eldföstum föðringum, þ.m.t. deigjur, sem falla til við koparbræðslu,
- e) blöndur úrgangs sem flokkast undir OECD-færslu GB040 og undir færslur B1070 og B1100 í Basel-samningnum, en þær einskorðast við úrgang úr eldföstum föðringum, þ.m.t. deigjur, sem falla til við koparbræðslu.

Færslurnar, sem um getur í d- og e-lið, gilda ekki um útflutning til landa sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.“

2) Eftirfarandi 3. liður bætist við:

„3. Eftirfarandi blöndur úrgangs, sem flokkast undir aðgreinda liði eða undirliði einnar tiltekinnar færslu, falla undir þennan viðauka:

- a) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B1010 í Basel-samningnum,
- b) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B2010 í Basel-samningnum,
- c) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B2030 í Basel-samningnum,
- d) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3010 í Basel-samningnum og er skráður undir: *Plastrul úr óhalógenuðum fjölliðum og samfjölliðum*,
- e) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3010 í Basel-samningnum og er skráður undir: *Hertur resinúrgangur eða vörur fengnar með þéttingu*,
- f) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3010 í Basel-samningnum og er skráður undir: *Perflúoralkoxýlalkan*,
- g) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3020 í Basel-samningnum, en þær einskorðast við óbleikta pappír eða pappa eða bylgjupappír eða -pappa, annars konar pappír eða pappa, að mestu úr bleiktu, efnafræðilega unnu deigi, ekki gegnlitaðan, pappír eða pappa, að mestu úr vélunnu deigi (t.d. dagblöð, tímarit og áþekkt prentað efni),
- h) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3030 í Basel-samningnum,
- i) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3034 í Basel-samningnum,
- j) blöndur úrgangs sem flokkast undir færslu B3050 í Basel-samningnum.“